

Dags eftirlits	25.11.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skinney Þinganes	Eftirlitsmaður	Ólöf Vilbergsdóttir
Heimili	Miðósi 17, Hornafirði	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	4801692989	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Erlingur Brynjólfsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	684193,364 421481,264

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitsferðinni en tveimur ábendingum var komið á framfæri. Ein varðandi mælingar og prófanir á olíu- og lýsismannvirkjum og hin varðandi skráningar.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Ólöf Vilbergsdóttir.

Skinney Þinganes er með starfsleyfi sem gefið var út af Umhverfisstofnun 10. júní 2010 og gildir til 30. júní 2026. Heimilt er að framleiða fiskimjöl og lýsi úr fiski og fiskúrgangi í verksmiðjunni. Einnig er heimilt að vinna meltu frá hraðfrystihúsi rekstraraðila. Hámarksafköst verksmiðjunnar skulu við það miðuð, að framleitt verði úr 900 tonnum af hráefni á sólarhring.

Eftirlitsheimsóknin hófst á fundi með Erlingi Brynjólfssyni verksmiðjustjóra. Dagskrá fundar var eftirfarandi:

1. Síðustu eftirlitsskýrslur (ábendingar og frávik)
2. Kröfur í starfsleyfi um áætlanir, mælingar, skýrslur, tilkynningar og skráningar rekstraraðila
3. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu
4. Önnur mál, atvik, óhöpp og kvartanir
5. Mengunaráhöpp og tilkynningar / skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
6. Þykktarmælingar á olíu- og lýsisgeymum og þrýstiprófanir á niðurgrofnum olíu- og lýsislögnum skv. reglugerð nr.884/2017.

### 1. Síðustu eftirlitsskýrslur

Í síðasta eftirliti voru engin frávik skráð en þremur á ábendingum var komið á framfæri. Brugðist var við öllum ábendingum þ.e. viðbragðsáætlun var uppfærð, öryggisblöð voru gerð tiltæk í efnageymslu og úrgangslát voru merkt.

### 2. Kröfur í starfsleyfi

Áætlanir: Hreinlætisáætlun fyrir gólf verksmiðjuhús og önnur svæði er til staðar og kvittað er fyrir þrifum. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar er til staðar og aðgengilega eftirlitsaðila. Þar kemur meðal annars fram hvert tilkynna á óhappið og aðgerðir til að koma í veg fyrir frekari mengun.

Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar.

Mælingar: Í starfsleyfi er krafa um að TVN gildi í hráefni skal ekki fara upp fyrir 120 mg N/100 g og að mælingar skulu vera aðgengilega eftirlitsaðila. Við eftirlit voru hluti mælinga skoðaðar og engar mælingar fóru yfir 120 mg N/100 g. Rætt var um að rekstraraðili myndi senda eftirlitsaðila niðurstöður eftir hverja vertíð eins og krafa er um í nýrri starfsleyfum fiskimjölsverksmiðja. Vel var tekið í það og í kjölfar eftirlit var eyðublað Umhverfisstofnunar sent til rekstraraðila. Greint var frá að reynt sé að vinna allt hráefni eins fljótt og mögulegt er.

Mælingar í frárennsli verksmiðju á að gera árlega. Mælingar fóru fram árið 2018 og sýnataka átti sér stað stuttu fyrir eftirlit nú og eru niðurstöður væntanlegar.

Skýrslur: Grænu bókhaldi vegna ársins 2019 hefur skilað sem og yfirlýsingu um magn mengandi efna varðandi útstreymisbókhald.

Tilkynningar: Þegar rekstrarstöðvun hefur átt sér stað lengur en í mánuð hefur gangsetning verið tilkynnt með tölvupósti. Annað hefur ekki þurft að tilkynna.

Skráningar: Skráningar eiga sér stað eins og krafa er um í starfsleyfi. Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarnabúnaði eru þó bara skráð inn í verkefnalista. Bæta þarf þessar skráningar. Greint var frá að það standi til að hefja skráningar á viðhaldi og eftirliti inn í nýtt kerfi fljótlega.

Rekstraraðili hefur sett sér umhverfisstefnu. Minnt er á mikilvægi þess að starfsmenn séu vel upplýstir um stefnuna.

### 3. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu

Farið var yfir áhættumat frá síðasta eftirliti en út frá því var tíðni eftirlits þessa árs ákveðin, eitt eftirlit á ári. Unnið var að áhættumati þessa árs þar sem tekið var tillit til breytinga. Í lok árs mun Umhverfisstofnun rýna heildrænt niðurstöður áhættumatsins og nota sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar 2021.

### 4. Önnur mál, atvik, óhöpp og kvartanir

Farið var yfir flutning á hráefni til verksmiðju. Allt hráefni kemur í lögnum frá fiskvinnslu nema botnfisksafskurður. Hann kemur á vagni frá fiskvinnslunni. Vagn er skolaður beint ofan í sílóid og skolvatn fer með afskurðinum. Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar og engin óhöpp hafa verið skráð frá því að verksmiðjan var síðast heimsótt.

### 5. Mengunaróhöpp og tilkynningar / skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

Engin mengunaróhöpp hafa átt sér stað frá síðasta eftirliti.

Í 5. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi er fjallað um eftirlitsskyldu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda varðandi eldsneytisgeyma og flutning olíu. Í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar var óskað eftir upplýsingum um neyslu-, húsa-, bryggju- og lausageyma rekstraraðila. Eyðublaðið; 2020 Gagnasöfnun fyrir olúgeyma var fyllt út af rekstraraðila.

### 6. Þykktarmælingar á olíu- og lýsisgeymum og þrýstiprófanir á niðurgrofum olíu- og lýsislögnum skv. reglugerð nr.884/2017.

Þykktarmælingar og þrýstiprófanir hafa ekki verið gerðar en þykktarmæla á olíu- og lýsisgeyma á 10 ára fresti og þrýstiprófa niðurgrafna olíu- og lýsislagnir á 5 ára fresti. Skila á niðurstöðum mælinga til Umhverfisstofnunar. Greint var frá að verksmiðjan er ekki með olíukatla heldur notast hún eingöngu við raforku til gufuframleiðslu. Olíutankar hafa verið hreinsaðir en það á eftir að hreinsa eina lögn. Geymar fyrir lýsi eru í notkun og talið er að hægt sé að láta mæla þá á fyrstu sex mánuðum næsta árs 2021 en tankarnir eru núna nánast fullir.

Að fundi loknum var farið í skoðunarferð um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar. Lekavarnarpró umhverfis lýsisgeyma var skoðuð, hreinsistöð sem og efnageymsla. Niðurfall frá efnageymslu er tengt í skeljasandspró. Öryggisblöð voru núna líka tiltæk í geymslunni. Merkingar voru komnar á úrgangsilát. Athafnarsvæði var mjög snyrtilegt.

## ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðili á skv. starfsleyfi að skrá viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði þ.e. lyktareyðingarbúnaði, fitugildru og öðrum hreinsibúnaði fyrir frárennsli.
2. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun þykktarmælingar á olíu- og lýsisgeymum og niðurgrofum þrýstiprófana á niðurgrofum olíu- og lýsislögnum.

29.12.2020

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Gottskálk Friðgeirsson